

Kristjana Gestsdóttir

From: Kristófer A. Tómasson
Sent: þriðjudagur, 4. september 2018 13:19
To: Kristjana Gestsdóttir
Subject: FW: Úrlausn misræmis á skráningu milli fasteignaskrár og húsaskrár þjóðskrár

Stimplum og setjum til kynningar á fund 7

Kveðja góð Kristófer T

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <u>0-0</u>	K/S <u>4.9.18</u>
Ábm.	Svfr.
Afgr. <u>Fundur</u>)Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

From: Birta Austmann Bjarnadóttir <bab@skra.is>
Sent: þriðjudagur, 4. september 2018 11:35
Subject: Úrlausn misræmis á skráningu milli fasteignaskrár og húsaskrár þjóðskrár

Góðan daginn

Þjóðskrá Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu og annast almannaskráningu hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Er það þannig á meðal hlutverka stofnunarinnar að sjá til þess að lögheimili einstaklinga sé rétt skráð eftir því sem lög nr. 21/1990 um lögheimili mæla fyrir um.

Á næstu mánuðum mun Þjóðskrá Íslands vinna að og ljúka skráningu lögheimilis niður á íbúðir. Verkefnið er forgangsverkefni hjá stofnuninni og á skráningu að vera lokið við árslok 2018. Til þess að hægt sé að skrá lögheimili niður á íbúðir þarf að leysa úr málum þar sem misræmi er á skráningu heimilisfanga milli fasteignaskrár og húsaskrár þjóðskrár. Lagt verður upp með að leysa sem flest mál hjá Þjóðskrá Íslands, en ljóst er að í mörgum tilvikum mun þurfa að senda ákvörðun um rétta skráningu sökum misræmis til sveitarfélaga og verður óskað eftir svari innan ákveðins tímaramma. Misræmisvinnan mun fara af stað á næstu vikum og geta því sveitarfélögin átt von á að fá erindi vegna misræmismála á borð til sín í haust.

Séu frekari spurningar vinsamlegast sendið þær á mis@skra.is.

Með kveðju / Best regards
Birta Austmann Bjarnadóttir

Birta Austmann Bjarnadóttir
Sérfræðingur
Þjóðskrá Íslands / Registers Iceland
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Netfang/Email:bab@skra.is, Sími/Tel.: +354 515 5300/ Web: www.skra.is